



FÉLAGS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík

sími: 545 8100 bréfasími: 552 4804

postur@fel.stjr.is

www.felagsmalaraduneyti.is

Til sveitarstjórna

Reykjavík 11. maí 2009
Tilv.: FEL09050037/142

Efni: Dagur barnsins 24. maí 2009

Dagur barnsins á Íslandi verður að þessu sinni haldinn hátíðlegur 24. maí næstkomandi. Dagurinn var haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn á Íslandi á síðastliðnu ári, en þá ákvað ríkisstjórn Íslands að *dagur barnsins* skyldi haldinn hátíðlegur ár hvert. Sameinuðu þjóðirnar hafa frá árinu 1954 helgað 20. nóvember alþjóðlegum degi barna, en hér á landi var ákveðið að velja deginum stað í vorbirtunni. Börnum er sérstaklega helgaður þessi dagur með það að markmiði að vekja sérstaka athygli á þeim í samfélaginu og leyfa röddum þeirra að hljóma, koma málefnum þeirra á framfæri og styrkja samveru barna og fullorðinna.

Með bréfi þessu vekur félags- og tryggingamálaráðuneytið athygli sveitarfélaga um allt land á þessum viðburði og hvetur þau til að leggja sitt af mörkum til að *dagur barnsins* verði að sannkölluðum hátíðardegi barna, barnafjölskyldna og annarra sem bera hag þeirra fyrir brjósti. Samstarf sveitarfélaga við frjáls félagasamtök á einkar vel við á þessum vettvangi. Það er öllum til góðs að mannaúdurinn sé nýttur sem best ekki síst í þágu barna. Á tímum efnahagsþrenginga er enn mikilvægara en ella að setja velferð barna í öndvegi og leggur ráðuneytið áherslu á að fólk geri sér glaðan dag án þess að miklu sé til kostað og hvetur um leið sveitarfélögin og stofnanir þeirra til að gera ráð fyrir þessum degi í skipulagi sínu.

Kjörorð dagsins eru: Gleði og samvera

Jákvæð samvera barna og foreldra styrkir börnin í að takast á við vandasöm verkefni daglegs lífs og gefur þeim tækifæri til að deila hugsunum sínum með fullorðnum í öryggisleysinu sem óhjákvæmilega fylgir breyttum tímum hér á landi þessa dagana.

Það er von mín að sveitarfélögin í landinu leggi málinu lið með frumkvæði og hugmyndaauðgi og fái sem flesta til samstarfs svo *dagur barnsins* verði eftirminnilegur með þátttöku allra kynslóða. Í því skyni að virkja íbúa sína gætu sveitarfélögin til dæmis sent foreldrum og forráðamönnum barna skilaboð með hvatningu um að fjölskyldan eyði deginum saman.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið er reiðubúið að kynna atburði sveitarfélaganna og annarra í tilefni af *degi barnsins* á heimasíðu sinni og má senda upplýsingar þar um til postur@fel.stjr.is

Með væntingum um góðar undirtektir sveitarstjórna.

Árni Páll Árnason